



Reykjavík, 25. september 2019

Kæru íbúar og rekstraraðilar í miðborginni.


Tillaga að fyrsta áfanga að nýju deiliskipulagi fyrir Laugavegin sem göngugötu, var samþykkt í skipulags- og samgönguráði þann 25. september. Fyrsti áfangi sem nú er í deiliskipulags- og forhönnunarferli er Laugavegur milli Klapparstígs og Ingólfsstrætis og Skólavörðustígur milli Bergstaðastrætis og Laugavegar. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagið verði afgreitt á fyrsta ársfjórðungi ársins 2020 og að það taki gildi fyrir 1. maí. Því hefur verið ákveðið að framlengja núverandi göngugötutímabil yfir deiliskipulagsferlið eða til 1. maí 2020. Hægt verður að kynna sér tillögu að deiliskipulagi og framgang verkefnisins á vefnum: gongugotur.reykjavik.is

Eftirfarandi götur verða göngugötur frá 1. október til 1. maí 2020:

Laugavegur frá Klapparstíg að Ingólfsstræti.

Skólavörðustígur frá Bergstaðastræti að Laugavegi.

Bankastræti frá Skólavörðustíg að Þinghóltsstræti.



Umferð ökutækja sem eru að lesta og losa vörur verður eins og áður heimiluð milli kl. 7.00 og 11.00 mánudaga til föstudaga en til að liðka fyrir vöruafgreiðslu á svæðinu verður almennur akstur bannaður á svæðinu á þeim tíma.

Til þess að göngugöturnar heppnist sem best er samstarf rekstraraðila og borgarinnar mikilvægt. Líflæg miðborg með auknum fjölda gesta er mikið gleðiefni en því fylgir aukið álag á hreinsun og viðhald. Rekstraraðilar eru því beðnir um að leggja borginni lið við að halda umhverfinu snyrtilegu í kringum starfsemi sína, sér í lagi veitingastaðir og kaffihús.

Upplýsingar um leyfisumsóknir vegna afnota á borgarlandi, meðal annars vegna afnota á göngugötum, má finna á eftirfarandi vefslóð: <http://reykjavik.is/thjonusta/leyfi-til-afnota-af-borgarlandi>

Með bestu kveðju,

Fyrir hönd Samgöngustjóra og Borgarhönnunar

Edda Ívarsdóttir, verkefnastjóri borgarhönnunar.